

## **Ákvörðun rektors um að SURF sumarstyrkir til Caltech beri nafn Kiyó og Eiko Tomiyasu**

Frá árinu 2008 hafa Caltech, California Institute of Technology, og Háskóli Íslands haft með sér skipulegt samstarf á sviði kennslu og rannsókna. Samstarfið felur í sér að Háskóla Íslands gefst kostur á að taka þátt í svokölluðu SURF námi (Summer Undergraduate Research Fellowship) hjá Caltech með því að efnilegir nemendur í grunnnámi taka þátt í rannsóknastarfi leiðbeinenda.

Á hverju sumri hafa allt að þrjár grunnnemendur frá Háskóla Íslands verið styrktir til að vinna 10 vikna SURF verkefni við Caltech um leið og allt að þrjár grunnnemendur frá Caltech hafa verið styrktir til 10 vikna verkefnis við Háskóla Íslands. Skilyrði er að nemendurnir hafi ekki verið útskrifaðir þegar SURF verkefnið er unnið.

Frá upphafi SURF samstarfsins árið 2008 hafa samtals 23 nemendur Háskóla Íslands farið til Caltech og bætast þrjár nemendur í þennan hóp árið 2016.

Caltech er einn fremsti háskóli heims og skipar skólinn m.a. fyrsta sæti hins virta matslista Times Higher Education World University Rankings. Aðeins tveir háskólar í heiminum hafa samninga við Caltech um SURF sumarnám og eru það Háskóli Íslands og Cambridge University í Englandi.

Dr. Kiyó Tomiyasu, sem lést 9. desember sl. 96 ára að aldri, var lykilmaður í að koma á samstarfinu á milli Háskóla Íslands og Caltech. Kiyó og Eiko kona hans gerðu sér ævinlega far um að hitta íslensku stúdentana þegar þeir komu til Caltech á meðan heilsa Kiyos leyfði. Til að votta Kiyó virðingu hefur rektor ákveðið að nefna styrkina frá Háskóla Íslands framvegis eftir Kiyó og Eiko Tomiyasu.

